

Leikur að læra – vika 1

Bífröst og Iðavellir 2-3 ára


Yngstu börnin eru að kynna efniviðnum. Lögð er áhersla á að þau læri að þekkja stafinn sinn ásamt því að þekkja nafnið sitt í nafnasúpu. Mikið er unnið með efniviðinn Lubbi finnur málbeinið.



Foreldra verkefni:

Til að byrja með er foreldra verkefnið á yngstu kjörnunum einn dag í viku þ.e. á þriðjudögum.

Verkefnið fyrstu vikuna var að finna staf barnsins í stafasúpu og setja hann á sólina í samverukrók.



Ásgarður – drengir 3-4 ára

Foreldra verkefni:

Þriðjudag: Þá fundu þeir stafinn sinn í stafasúpu. Settu stafinn á sólina í samverukrók. Í samverustund fyrir morgunmat kom hver og einn hoppandi á öðrum fæti að sólinni og tók upp sinn staf. Hver drengur sagði hljóð stafsins og hvað stafurinn heitir. Einnig töldum við atkvæðin í nafninu. Síðan hoppaði drengurinn aftur á öðrum fæti í sætið sitt.

Fimmtudagur: Þá fundu þeir staf mömmu sinnar í stafasúpu. Settu stafinn á sólina í samverukrók. Í samverustund fyrir morgunmat kom hver og einn skríðandi að sólinni og tók staf mömmu sinnar. Hver drengur sagði hljóð stafsins og hvað stafurinn heitir. Einnig töldum við atkvæðin í nafninu. Síðan skreið drengurinn aftur í sætið sitt.

Alla daga: Við byrjum á því á miðvikudeginum að hengja öll nöfn drengjanna á vegg (lóðrétt) og settum rautt límband lóðrétt líka. Öðru megin stendur HEIMA en hinu megin stendur MÆTTIR. Drengirnir finna nafnið sitt þegar þeir koma í leikskólann og færa yfir, mættur. Þegar þeir fara heim finna þeir aftur nafnið sitt og færa yfir á, heim. Þetta verkefni hefur vakið mikla gleði hjá bæði þeim, foreldrum og okkur. Þeir æfa sig að þekkja nafnið sitt og sjá líka hverjir eru mættir og hverja vantar. Hægt að telja líka hveru margir eru komnir og hvað vantar marga og þannig æfum við stærðfræðina líka. Fáum foreldra meira inn á kjarna með þessu.

Skrifa stafi í sandinn

Efniviður: Skófla eða prik, sandur.

Einn hópur fór út í sandkassa þar sem þeir æfðu sig að skrifa stafinn sinn í sandinn. Út frá því fóru þeir líka að teikna í sandinn.



Stafadans

Efniviður: Stafir, tónlist, teppi eða poki til að fela stafi .


Drengirnir sátu í samverukrók hver á sínu plássi. Kennarinn var búinn að sækja stafi allra drengjana og setja undir teppi. Síðan dró kennarinn fram einn staf í einu. Sá eða þeir drengir sem áttu stafinn fóru á sólina að dansa. Hinir klöppuðu á meðan fyrir vini/vinum sínum.



Finna stafinn sinn í húllahring og ganga á bekknum

Efniviður: Stafir, húllahringur, dýna, bekkur úr fataklefa, yogadýnur.


Hver og einn drengur skreið að húllahringnum og fann stafinn sinn í stafhrúgu. Síðan labbaði hann á bekknum, æfði jafnvægi. Sýndi kennaranum stafinn sinn, sagði hljóð hans og heiti. Líka hægt að hoppa jafnfætis eða á öðrum fæti að húllahringnum.



Finna form í umhverfinu okkar

Efniviður: Blað og blýant eða myndavél

Drengirnir fóru með kennurum sínum út í nærumhverfið sitt til að finna form. Við höfum verið að æfa formin mikið með því að sýna þeim formin sem hafa verið klippt út og plöstuð. Þá höfum við sungið lagið „ hér er hringur, hér er hringur. „Hvernig veistu það? Hvernig veistu það? Hann getur rúllað, hann getur rúllað eins og dekk á bíl, eins og dekk á bíl. Við syngjum líka fyrir þríhyrning, ferning og ferhyrning. Tveir hópar fóru í sitthvoru lagi í vettvangsferð um umhverfi leikskólans. Annar tók myndir en hinn skráði á blað hvar við sæjum form. Einn hópur fór á útisvæði



leikskólans. Þeir fundu auðvitað form allsstaðar og voru mjög hissa á því. Eftir þetta taka þeir eftir öllum formum og eru endalaust að benda okkur á form inni og úti. Það var eins og þeir uppgvötuðu og skildu formin betur með að fara út og finna þau og tengja við hluti í umhverfinu. Höfum fengið margar sögur að heiman eftir þetta þar sem þeir eru að finna form í umhverfinu og kenna foreldrum sínum.

Stafahefti

Efniviður: Blöð, litir, blýantar, hefti.

Einn hópur heftaði saman blöð og æfðu sig að skrifa stafinn sinn. Þær ætla að skrifa fleiri stafi í heftið.

Finna nafnið sitt í nafnasúpu

Efniviður: Nöfnin þeirra

Setja nöfn allra í hópnum í eina nafnasúpu og hver og einn kemur og finnur sitt nafn. Hægt að hoppa á öðrum fæti, báðum fótum skríða, hlaupa, læðast. Sýnir nafnið sitt og teljum atkvæðin



Leira stafinn sinn

Efniviður: Leir

Allir í hópnum fá leir og æfa sig að móta stafinn sinn. Stundum geta vinir aðstoðað hvorn annan ef einhver er óruggur með þetta. Það gerðist hjá okkur og báðir urðu mjög gladdir. Annar að geta aðstoðað og hinn að fá aðstoðina og gat svo gert sjálfur.



Mynda stafi úr líkamanum

Efniviður: Börnin

Lögðumst á gólfið og mynduðum stafi með líkómum okkar. Ætlum seinna að mynda smáorð.



Valhöll 4-5 ára / Útgarður 5-6 ára

Á Valhöll og Útgarði voru verkefnin unnin á svipaðan hátt.

Foreldraverkefni:

Stafasúpu (kassi fullur af stöfum) frammi í fataklefa. Fyrirmælin voru að finna fyrsta stafinn/hljóðið í nafninu sínu og setja á sólina inni í samverukrók.



Nemendur í Útgarði báðu um að fá að setja stafina í sætin sín í samverukrók, þau komu svo koll af kalli á sólina í samveru, sögðu okkur stafinn sinn, hvað hann heitir og hvað hann segir. Svo áttu nemendur að setja stafinn í annað hvort græna húllahringinn (samhlj.) eða rauða húllahringinn (sérhlj.). Við klöppuðum líka atkvæðin í nöfnum nemendanna.

Á þriðjud. fundum við fyrsta stafinn/hljóðið í nafni mömmu, og gerðum það sama.

Á miðvikudaginn var það pabbastafur.

Á fimmtudaginn var það fyrsti stafurinn/hljóðið í götuheiti nemenda.

Stúlkurnar á Valhöll unnu einnig á skemmtilegan máta með spjöldin frá Kristínu. Þær fundu fyrsta hljóðið í myndunum og hjálpuðust að við að finna orðið.



Stúlkurnar gerðu svo fallega stafasól sem þær drógu stafi í og mynduðu orð saman.

Í næstu viku er ætlunin að hafa alla vikuna nokkurs konar viðverulista. Nemendur finna nafnið sitt í fataklefanum og setja nafnspjaldið á veginn þar sem merkt verður mætt/mættur. Þau setja nafnið sitt þar undir og þegar farið er heim þá taka þau nafnið sitt af þeim viðverulista.

Örverkefni með foreldrum verða tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum. Á þriðjudaginn munum við finna fyrsta stafinn/hljóð í nafninu á systkinum (eða frænda/frænku fyrir þau sem eiga ekki systkini). **Bara gaman ☺**

